

FW: 287 þúsund gestir sóttu viðburði aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands

Til : Guðjón Erling Friðriksson;Hildur Benediktsdóttir
Frá : Birna Ágústsdóttir
Heiti : FW: 287 þúsund gestir sóttu viðburði aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands
Málsnúmer : 1710153
Málsaðili : Alþingi
Skráð dags : 09.04.2019 13:31:02
Höfundur : Birna Ágústsdóttir
Viðhengi : [fullveldisafmæli.JPG](#)
[Fullveldisafmæli skýrsla vefur 20.3.2019.pdf](#)
[Fréttatilkynning 9. apríl_ lokaskýrsla.docx](#)
[image001.png](#)

From: Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir

Sent: þriðjudagur, 9. apríl 2019 08:57

Subject: 287 þúsund gestir sóttu viðburði aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands

Fréttatilkynning 9. apríl 2019

287 þúsund gestir sóttu viðburði aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands

Út er komin skýrsla afmælisnefndar aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands þar sem m.a. má finna upplýsingar um framkvæmd afmælisársins og yfirlit yfir öll verkefni sem skráð voru á dagskrá afmælisársins.

Helstu niðurstöður:

- 459 viðburðir voru skráðir á dagskrárvef afmælisársins. Þar af voru 268 styrktir af afmælisnefnd, að undangenginni auglýsingu og valferli, og 191 þátttökuviðburður.
- 287 þúsund gestir sóttu viðburði sem skráðir voru á dagskrárvef afmælisársins og voru tæplega 15 þúsund einstaklingar virkir þátttakendur í viðburðunum.
- Áætlanir afmælisnefndar, bæði verkefna- og fjárhagsáætlun, stóðust og skilar nefndin af sér innan fjárheimilda.

Meðfylgjandi er skýrsla afmælisnefndar þar sem m.a. er að finna yfirlit um þau verkefni sem afmælisnefnd var falið samkvæmt þingsályktun sem og yfirlit yfir öll verkefni sem voru skráð á dagskrárvef afmælisársins.

Afmælisnefnd þakkar öllum þeim sem stóðu fyrir viðburðum á afmælisárinu sem og þeim sem sóttu þá fjölbreyttu viðburði sem fram fóru og áttu stóran þátt í að gera afmælisárið eftirminnilegt. Með virkri þátttöku stofnana, félagasamtaka, sveitarfélaga, einstaklinga og fyrirtækja er óhætt að segja að afmælisárið hafi tekist vel og byggir það ekki síst á frumkvæði, hugmyndaauðgi og þátttöku landsmanna.

Nánari upplýsingar veita Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, framkvæmdastjóri (862 2277), ragnheidurjona@fullveldi1918.is, og Einar K. Guðfinnsson, formaður (892 7628), ekg@ekg.is.

-
Mynd með fréttatilkynningu: Einar K. Guðfinnsson formaður afmælisnefndar og Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir framkvæmdastjóri afhentu forsætisráðherra skýrslu afmælisnefndar. Frá vinstri: Ragnhildur Arnljótsdóttir, Katrín Jakobsdóttir, Einar K. Guðfinnsson, Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir

-

Nefnd á vegum Alþingis

Haustið 2016 kaus Alþingi nefnd með fulltrúum allra þingflokka er skyldi undirbúa hátíðahöld árið 2018. Nefndin starfaði samkvæmt þingsályktun um hvernig minnst skyldi aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands þar sem kveðið var á um verkefni nefndarinnar:

1. láta taka saman rit um aðdraganda sambandslaganna, efni laganna og framkvæmd þeirra, svo og rit um inntak fullveldisréttar er Ísland öðlaðist að þjóðarétti árið 1918;
2. stofna til sýningar í samvinnu við Árnastofnun á helstu handritum safnsins til að minna á grundvöll íslenskrar menningar og forsendur sjálfstæðis og fullveldis þjóðarinnar;
3. stuðla að heildarútgáfu Íslendingasagna á afmælisárinu svo að fornar bókmenntir Íslendinga séu jafnan öllum tiltækar, jafnt á bók sem stafrænu formi;
4. hvetja skóla til að beina sjónum að þeim merku tímamótum sem urðu í íslensku samfélagi með sambandslögunum árið 1918.

Auk þess hélt nefndin utan um heildardagskrá afmælisársins á vefsíðunni fullveldi1918.is

fh. afmælisnefndar

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir

Framkvæmdastjóri afmælisnefndar aldarafmælis fullveldis Íslands

Sími 563 0651, 862 2277

Skrifstofur Alþingis v/Kirkjustræti

101 Reykjavík

www.fullveldi1918.is

#fullveldi1918

